

## REGLUR

### **um breytingu á reglum nr. 565/2014 um gjaldeyrismál.**

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. Við 2. gr. bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:  
Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna sölu erlends aðila á fjármálagerningi útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem ekki er tilgreindur á undanþágulista skv. 1. mgr. en fjárfest var í á grundvelli undanþágu sama efnis skv. lögum nr. 87/1992 og/eða reglum settum á grundvelli þeirra fyrir 7. mars 2015, skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, enda hafi greiðsla kaupverðs farið fram með úttekt af reikningi hjá fjármálfyrirtæki hér á landi. Greiðsla vegna sölu skv. 1. málsl. skal fara fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálfyrirtæki hér á landi.
- b. Í stað orðsins „endursölu“ í 3. mgr. kemur: sölu.
- c. Á eftir orðunum „samkvæmt 1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: og 2. mgr.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. Við 3. gr. bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:  
Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna sölu á fjármálagerningi útgefnum í innlendum gjald-eyri, sem ekki er tilgreindur á undanþágulista skv. 1. mgr. en fjárfest var í á grundvelli undanþágu sama efnis skv. lögum nr. 87/1992 og/eða reglum settum á grundvelli þeirra fyrir 7. mars 2015, skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, enda hafi greiðsla kaupverðs farið fram með úttekt af reikningi í eigu erlends fjármálfyrirtækis (Vostro-reikningi).
- b. Í stað orðsins „endursölu“ í 2. mgr. kemur: sölu.
- c. Á eftir orðunum „samkvæmt 1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: og 2. mgr.

#### 3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 6. mars 2015.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Ingibjörg Guðbjartsdóttir,**  
framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits.